

Fundargerð, skólaráð Barnaskólans í Hafnarfirði, 27. nóvember 2019.

Mætt eru:

Sigríður Jóna (staðgengill skólastýru), fundarstjóri, Sæbjörg (fulltrúi kennara), Hildur Sonja (fulltrúi kennara), Ágústa (fulltrúi foreldra), Hjálmar Örn (fulltrúi foreldra), Íris Helga (fulltrúi grenndarsamfélags). Ólafur (fulltrúi starfsfólks) boðaði forföll.

Ritari kosinn: Íris Helga

Farið yfir starfsreglur skólaráðsins. Settar fram með hliðsjón við reglugerð.

Umræður um opinn fund skólaráðs, gæta að því að hafa fyrirlestur í samstarfi við foreldrafélag að hausti.

Gæta að skrásetningu.

Vinna fundargerðir og gæta að því að setja þær á netið eftir hvern fund.

Opin kosning um samþykki á reglugerð skólaráðs.

Einróma samþykkt.

Vinnureglur skólaráðs.

Fundarskipulag sett m.a. niður og farið yfir verkaskiptingu.

Starfsáætlun skólaráðs yfirfarin.

Vinnureglur til kosninga.

Einróma samþykktar.

Ytra mat – skýrsla.

Glærur af ytra mati – Sigríður Jóna les upp glærur og fer yfir framkvæmd ytra mats til upprifjunar í stuttu máli. Fundarfólk búið að lesa fyrir fundinn.

Ytra mat menntamálaráðuneytis, nýr rammi, var gert í febrúar 2019.

Niðurstöður: sundarliðaðar í nokkra þætti. Tafla til skýringar í skýrslunni sem sýna að fleiri styrkleikar eru í stórnun og forystu.

Árangur náms og kennsla; eru fleiri styrkleikar en veikleikar í bland við mjög gott verklag.

Gæði kennslu og inntak námsskrár: fleiri styrkleikar en veikleikar.

Innra mat: fleiri veikleikar en styrkleikar. Innra matið ekki nógu viðamikið og ekki nógu samanburðarhæft við aðra skóla. (þar sem aðrir skólar eru með skólapúlsinn).

Verið að skoða skólapúlsinn, hvort hægt sé að taka hann inn í starfið, þ.e. að honum verði breytt lítillega þar sem um ung börn er að ræða.

Einnig vantar upp á markvissa skrásetningu, t.d. á frammistöðu kennara ofl.

Vantaði einnig upp á starfsreglur skólaráðs.

Gagnrýni á skólanámskrá. Vöntun á að hafa hana víðari og í algjöru samræmi við aðalnámskrá/hæfniviðmið og grunnskólalög.

Ný skólanámskrá er í skrifum og mun hún í framhaldinu verða nýtt fyrir alla Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Bekkjarnámskrár verða síðan gerðar fyrir hvern árgang sem verða ítarlegri.

Starfsáætlun, er verið að breyta henni og setja fleiri þætti inn.
Gagnrýni um að virkja skólaráð betur í stefnumótun.

Gagnrýni um að hafa ekki skólareglur.

Farið yfir sterka þætti; gögn eru til, ekki nóg af þeim og ekki nógu formleg.

Nám og kennsla; góðar niðurstöður í samræmdum prófum og hraðlestri.
Hjallastefnugrunnskólar eru vel yfir landsmeðaltali hjá öllum Barnaskólunum. Hallar ekki á drengi í því mati.

Innra mat á stefnu skólans þarf að framkvæma skv. mati. Það verður gert.

Umræður um ferla og hvernig mál eru unnin.
Ef foreldri sendir inn athugasemd eru mögulega ekki nógu skýrir ferlar. Er í vinnslu að laga.

Eftirfylgni um úrbætur; skrifuð umbótaáætlun sem er á netinu, hún er uppfærð reglulega eftir því sem úrbætur eru gerðar. Tillaga að það verði sett alltaf á forsíðu á Umbótaráætlunar dagsetning um hvenær var uppfærð síðast. Sýnir að plaggið er lifandi og það sé verið að vinna í þessu.

Sumir þættir hafa víðan tímaramma en aðrir skemmri.

Sveitafélagi ber skylda að fylgja umbótaáætlun eftir og upplýsa menntamálaráðuneyti.

Tengiliður frá Hfj. bæ getur aðstoðað ef eitthvað er.

Eftirlitsaðilar þurfa svo að gefa út þegar umbótum er lokið.

Önnur mál:

Umræður um niðurstöður samræmdra prófa.

Rýnt í niðurstöður prófa og unnið út frá niðurstöðum.

Fundardagur ákveðinn 29. janúar 2020 kl.20.00

Hildur Sæbjörg mun senda fundarboð.

Fundi slitið kl. 21.10.